

Garðabæ 13.02.2019

Umsögn með skóladagatali leik- og grunnskóla í Garðabæ árið 2019-2020

Við undirritaðar gengum frá tillögu skóladagatals 2019-2020 fyrir hönd leik – og grunnskóla. Unnið var út frá hugmyndum og ábendingum stjórnenda beggja skólastiga. Niðurstaðan er sú að tveir skipulagsdagar í september og október eru sameiginlegir leik- og grunnskólum. Einn skipulagsdagur er settur í vetrarleyfisviku grunnskóla í febrúar. Þrír dagar af fjórum eru því samræmdir fyrir nemendur og fjölskyldur á báðum skólastigum. Óskað er eftir því að hafa sitt hvorn skipulagsdaginn í lok apríl og lok maí. Ástæður þess eru ólíkar þarfir og ólíkt skipulag skólastiga. Meirihluti leikskólastjóra vilja hafa fjórða daginn í lok apríl en skólastjórar grunnskóla í maí.

Í lok apríl er skólaár leikskólans gert upp og hugað að útskrift sex ára barna. Grunnur er lagður að undirbúningi fyrir sumarstarfið sem hefst í júní og leikskólinn er opin allt árið. Sumarleyfi fastra starfsmanna í leikskólum hefjast þegar í maí þá þarf að vera búið að setja upp og skipuleggja sumarstarfið vel og afleysingarfólk stígur inn. Þess vegna er of seint af hafa skipulagsdag í lok maí. Þá hafa leikskólar hingað til verið með þrjá heila og tvo hálfa daga en kjósa frekar hafa með fjóra heila daga. Þannig nýtist tíminn betur til endurmenntunar og undirbúnings.

Í grunnskólanum lýkur skólaárinu í júní og samantekt námsmats fer fram í lok maí. Í lok apríl er skammt liðið frá páskaleyfi og síðasta önnin rétt að byrja. Fyrirlagnir verkefna og námsmat fer fram í maímánuði og er skipulagsdagur í lok maí mikilvægur grunnskólunum til að taka saman verkefni og námsmat frá önninni. Skipulagsdagur í apríl nýtist því miður ekki nógu vel til þess þar sem of mikið er eftir af önninni.

Er það von okkar að vel verði tekið í þessar tillögur sem mikil vinna hefur verið lögð í. Ennfremur að ólíkar þarfir og ólíkt skipulag skólastiganna sé virt og þeim þörfum mætt um leið og markmiðið er að veita fjölskyldum í bænum góða þjónustu.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

f.h skólastjórnenda grunnskóla

Ragnhildur Skúladóttir

f.h leikskólastjóra